

Fundargerð 290. stjórnarfundar Stjórnvísí

Verkefni: 290. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn 7.janúar 2020 hjá Hrafnistu.

Efni fundar:

- Nýársfundur 9.janúar 2020 í Marel.
- Íslenska ánægjuvogin
- Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí
 - Fundarstjóri
 - Fyrirlesarar
 - fyrirkomulag
- Trello: Staða verkefna (tímalínuverkefna, áhersluverkefna og annarra verkefni
- Fréttir af faghópum
- Fjárhagsstaða Stjórnvísí.
- Önnur mál

Dags.fundar: 7.janúar 2020	Tími: 12:00-13:00	Nr. fundar: 290
Fundarboðari: AOG	Fundarritari: GA	Staður: Hrafnista

Viðstaddir: Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, Ásdís Erla Jónsdóttir, Berglind Björk Hreinsdóttir, Gunnhildur Arnardóttir, Sigríður Harðardóttir, Jón Gunnar Borgþórsson

Fjarverandi: Guðjón Örn Helgason, Guðný Halla Hauksdóttir, Ingi Björn Sigurðsson, Kristján Geir Gunnarsson

Gestir:

Samantekt og niðurstaða fundar

- **Nýársfundur 9.janúar 2020 í Marel.**

Nýársfagnaður stjórna faghópa Stjórnvísí verður að þessu sinni í Marel. Boðið verður upp á léttar veitingar og gefst félögum tækifæri til að spjalla saman og eiga góða stund. Á kick off fundi faghópanna í lok ágúst komu fram góðar umbótahugmyndir og mun Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir formaður stjórnar fara örstutt yfir hvernig unnið hefur verið úr þeim. Út frá þeim umbótahugmyndum þá fengum við frábæran fyrirlesara, hana Ragnhildi Ágústsdóttur með erindið: „HJÁLPI MÉR! HVERNIG Á ÉG AÐ NÁ UTAN UM ÞETTA ALLT? – nýjar vinnuaðferðir og tengslamyndun í nútíma samfélagi.
- **Íslenska ánægjuvogin 24.janúar á Grand Hótel.** Niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar verða kynntar þann 24.janúar nk. á Grand Hótel. Formaður stjórnar Ánægjuvogarinnar mun kynna niðurstöður ásamt Trausta Haraldssyni frá Zenter og verður formaður stjórnar Stjórnvísí þeim til aðstoðar. Niðurstöður verða ljósar um miðjan mánuð og þær kynntar þeim fyrirtækjum sem skora

hæst fyrir afhendinguna. Nýtt Business Case var kynnt fyrir stjórn er varðar Íslensku ánægjuvögina og felst í því að fyrirtæki greiða fyrir nýta sér merki Íslensku ánægjuvogarinnar í auglýsingaskyni. Kaupi fyrirtæki aðgengi að merkinu fylgir því ítarleg skýrsla frá Zenter. Áður voru eingöngu seldar skýrslur til þeirra fyrirtækja sem mæld eru í Íslensku ánægjuvöginni. Aldrei hafa fleiri markaðir verið mældir en árið 2019.

- **Stjórnunarverðlaun Stjórnvísi.** Töluverður tími fór í umræður um hvort verðlauna ætti á Stjórnunarverðlaununum „Fyrirmyndarfyrirtæki“ um góða stjórnarhætti. Niðurstaða stjórnar var sú að sú verðlaunaafhending yrði haldin í mars/apríl á sérstökum viðburði t.d. í hádegi á Nauthól.
 - **Fundarstjóri** nokkrar tillögur höfðu komið um fundarstjóra og var niðurstaðan sú að Sesselja Birgisdóttir framkvæmdastjóri þjónustu-og markaðssviðs Íslandspóstis yrði fundarstjóri
 - **Fyrirlesar:** Ákveðið var að hafa einungis einn fyrirlesara að þessu sinni sem myndi fjalla um TRAUST. Margar tillögur komu um fyrirlesara og verður unnið úr þeim á næstu dögum.
 - **Fyrirkomulag:** Fyrirkomulag verðlaunanna verður með svipuðum hætti og áður. Veitt verða verðlaun í þremur flokkum. Formaður Stjórnvísi mun setja ráðstefnuna og kynna ráðstefnustjóra. Ráðstefnustjóri kynnir fyrirlesara sem verður með 10 mínútna erindi. Að því loknu kynnir formaður dómnefndar Borghildur Erlingsdóttir forstjóri Hugverkastofu niðurstöðu dómnefndar. Forseti Íslands afhendir verðlaunin og flytur stutta tölu.
- **Trello:** Farið var yfir stöðu verkefna í Trello borði stjórnar Stjórnvísi.
- **Fréttir af faghópum.** Sjaldan hefur annar eins fjöldi funda verið á dagskrá hjá félaginu í janúar. Allir hópar eru vel virkir í félaginu
- **Fjárhagsstaða Stjórnvísi.**
 - Áætlun fyrir árið 2020 var samþykkt í desember og eru greiðslur félagsgjalda þegar farnar að berast. Gjaldtagi félagsgjalda er 15.janúar 2020.
- **Önnur mál**
 - Önnur mál voru rædd lítillega